

Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2018110003

2. nóvember 2018

**Barónsstígur, bann við því að leggja í tengslum við nýja akstursleið strætó og biðstöðvar**

1. Lagt er til að sett verði bann við því að leggja við suðurkant Barónsstígs frá Fjölnisvegi að Eiríksgötu. Bannið sé táknað með B21.11.
2. Lagt er til að ný gönguþverun yfir Barónsstíg, norðan við Fjölnisveg verði merkt sem gangbraut með umferðarmerki D02.11 og tilheyrandi yfirborðsmerkingu, M13.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Myndir til skýringar eru á næstu síðu.

Vegna framkvæmda við nýjan Landsspítala mun akstursleið þriggja leiða strætóleiða liggja um Barónsstíg til að vagnarnir geti mæst í götunni þarf að takmarka bifreiðastöður á Barónsstíg sunnan Eiríksgötu. Eftir sem áður verður lagt við norðvestur hlið götunnar.

Búast má við að nýja gönguþverunin við spítalann verði mikið notuð því er lagt til að hún verði merkt sem gangbraut.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar



Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Lagt er til að óheimilt verði að leggja við suðurkant Barónsstígs milli Fjölnisvegar og Eiríksgötu. Nú þegar er bannað að leggja við norðurkant götunnar, milli Fjölnisvegar og Laufásvegar